

Kemur út ýmist einu sinni eða tvisv. í viku. Verð árg. (80 ark. minnst) 4 kr., erlendis 5 kr. eða 1½ doll.; borgist fyrir miðjan ári (erlendis fyrir fram).

ÍSAFOLD.

Uppsögn (skrifleg) bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgefanda fyrir 1. október og kaupandi skuldans við blaðið. Afgreiðsla Austurstræti 8.

XXXII. árg.

Reykjavík laugardaginn 1. júlí 1905

40. blað.

Gufubáturinn Reykjavík

fer upp í Borgarnes 20. og 26. júlí; en suður í Keflavík 4. og 22. júlí. Báturinn kemur við á Akranesi hverri Borgarfjarðarferð.

Fer alt af kl. 8 árdegis hédan.

Alt af er nóg af öllu í

Verzl. EDINBORG Reykjavík,

því einlægt er siglingin þangað, nú síðast gufuskipið Saga nýkomið sökkhlaðið alls konar varningi, nauðsynjavörum, munaðarvörum, vefnaðarvörum og yfir höfuð öllu því, er mennirnir hafa komist upp á að nota í kringum sig, í sig og á.

Það er bæði gagn og gaman að koma í Edinborg, eins og þið vitið.

Marconi-loftskeyti.

Meðtekin í Reykjavík frá Poldhu í Cornwall á Englandi.
Fjarlægðin 1850 rastir (= um 240 mílur danskar).

26. júní 1905, kl. 10³⁸ síðdegis.

Brezt gufuskip Ancona rakst á danskt skólaskip nálægt Kaupmannahöfn og sökti því. Tuttugu og tveir drengir druknuðu.

Brezka herskipið Carnarvon rakst á þýzka herskipið Coblenz út af Spáni. Carnarvon tók við skipshöfninni og dró Coblenz, sem leki hafði komið að, til Ferrol.

Mr. Hay (utanríkisráðgjafi Bandaríkjanna) sýktist snögglega í Newbury, New Hampshire, af nýrnaveiki, Kent um kvefi, sem hann hafi fengið á leiðinni til sumarbústaðar síns. Læknar drógu úr þrautunum og menn gera sér von um bráðan bata.

28. júní 1905 kl. 10²⁰ síðdegis.

Fyrirskipun frá Rússakeisara felur landstjóranum í Varsjá æðsta herstjórnarvald þar.

Lögregluliðsforingi var skotinn til bana í dag í höfuðmarkaðsskàlanum í Varsjá.

Sendiherrann þýzki í París hefir afhent svar þýzku stjórnarinnar upp á franska stjórnarskjalið um Marokko. Hinn sáttvænlegi blær á svarinu virðist mýkja málið það, þótt mönnum skiljist sem þar sé haldið fram nauðsyn ríkjafundar.

Umræður fóru fram á sænska ríkisþinginu (um norska málið). Stjórninni var á mælt fyrir ístöðuleysi. Ýmsir þeir er töluðu héldu fram hernaðarráðstöfunum. Forsætisráðherrann talaði um, hver heimska væri að fara í ófrið, með því að ríkissamband við Norveg yfirunninn yrði stór og sífeldur háski.

Mönnum skilst svo, sem Curzon lávarður (Indlandsjarl) hafi gefið í skyn að hann mundi segja af sér, nema nokkrar mikilvægar breytingar verði gerðar á fyrirskipunum um herstjórn á Indlandi.

Lloyds hraðskeyti frá Odessa segir, að hætt sé allri vinnu þar á höfninni. Skipshöfn á herskipi þar á höfninni gerði samsæri og myrti foringjana, og sagt er að hún hafi hótað að skjóta á bæinn.

Þessi fyrstu hraðskeyti hingað til lands utan úr heimi voru birt hér í bænum í fyrra dag, um miðjan dag, í fregnmiða frá Ísafold og Fjallkonunni.

Aldrei hefir íbúum höfuðstadarins fundist meira um nokkurn viðburð.

Miðarnir, rauðir að lit, voru festir upp víðsvegar um bæinn. Þar fylltist óðara af fólki að lesa hina miklu nýjung, orðin, sem flogið höfðu, hvert um sig eða hvert merki um sig, annan eins veg og nærri því 4 sinnum alt Ísland endilangt á 1/1000 parti úr sekúndu.

Og ös var liðlangan daginn í afgreiðslustofum blaðanna af fólki, utan bæjar og innan, sem þurfti að ná í fregnmiðana; þeim var útbýtt þar ókeypis.

Allir fundu, að hér hafði gerst hinn sögulegasti atburður, sem dæmi eru til á þessu landi margar aldir.

Landið komið loks í það sem kalla mætti lífrænt samband við umheiminn.

Hólmanum alt í einu kipt fast að hlið heimsins höfuðbólí, hinni frægustu byggð og blómlegustu á öllum hnettinum.

Fagnandi kvöddust þeir, sem hittust á strætum og gatnamótum, okunnugir jafnt sem kunnugir.

En fyrir brá á stöku stað nokkurs konar vofum, er sáust skreppa fyrir götuhorn og inn í fylgsni sín.

Það voru fáeinir hræður úr lífverði ritsímasamningshöfðingjans, mannsins utan við lögin, — utan við fjárlögin.

Þeir sáu nú fyrir forlög Kartagóborgar.